

Við undirrituð Valdimar Harðarson og Jóhanna Elín Stefánsdóttir íbúar og eigendur að Suðurgötu 45 í Hafnarfirði gerum athugasemdir við tillögur að breyttu Deiliskipulagi fyrir Suðurgötu 44 – 46 út frá hagsmunum okkar en einnig almennar athugasemdir. Athugasemdir þessar lúta að því tjóni sem við verðum fyrir á eign okkar til 28 ára af völdum þessara breytinga á Deiliskipulagi. Útsýni það er við missum, verður útsýni úr húsinu sem fyrirhugað er þ.e. nr. 46 við Suðurgötu. Breytingar þessar hafa í för með sér verðlækkun á eign okkar. Við erum alfarið á móti því að byggt verði „lítið“ einbýlishús á lóðinni fyrir framan hjá okkur (Suðurgata 46) og áskiljum okkur rétt til skaðabóta verði af þessari ósvinnu.

- A. Þegar við keyptum eign okkar hér árið 1990 var það ekki síst vegna fallegs útsýnis í gömlu grónu hverfi út yfir Hafnarfjarðarhöfn, Flóann og Snæfellsjökul. Það útsýni var mikið skaðað þrátt fyrir athugasemdir okkar, þegar Hamarsbraut 16 var byggð. Svör við athugasemdum okkar þá voru stöðluð frá ráðgjafastofu sem sá um þetta fyrir bæinn og voru engan vegin svör við þeim athugasemdum og spurningum sem við bárum fram og greinilega ætluð öllum sem gert höfðu athugasemdir. Nú er nýr skipulagsstjóri og vonandi verður athugasemdum íbúa sýnd meiri virðing. Samt báru menn enn einu sinni fram þá fullyrðingu á kynningum í Hafnarborg nýverið að útsýni sé ekki verðmæti, en jafnframt var sagt að íbúðir á efri hæðum „gamla Katós“ yrðu verðmætar vegna útsýnis!
- B. Við hliðina á Suðurgötu 46 (nýja skipulag) er hús frá því um aldamótin 1900, Suðurgata 48, sem gefur svolítið tóninn um húsagerð, það er einnar hæðar með lágu risþaki og stendur lágt við götuna (neðan við götuhæð) og rúma 2 metra frá gangstétt. Þær tillögur sem við höfum séð á Deiliskipulagskynningu væru í hrópandi ósamræmi við umrætt hús og umhverfið, enda lóðin allt of lítil að okkar mati.
- C. Húsið (46) sem áform eru um, er pressað að götu (gangstétt). Það útsýni og það rými sem við höfum mundi skerðast og í raun glatast fullkomlega. Það „prívasí“ og sú fegurð sem við höfum haft aðgang að (og hefur verið mikið skert nú þegar í óþökk okkar) glatast fullkomlega og í stað þess mundum við horfa beint inn í glugga handan götunnar og á gráan steinvegg. Það lækkar verðgildi eignar okkar mikið.
- D. Á kynningu í Hafnarborg bentum við á að nýtingarhlutfall lóðarinnar Suðurg 46 er miklu hærra en kveður á í Deiliskipulagi, var það sett í athugun. En hvernig stendur á „mistökum“ eins og þeim, átti að nota „Höfðatorgsaðferðina“?
- E. Breyta á „gamla Kató“ samkvæmt nýjum Deiliskipulagsáformum í íbúðarhús með 12 íbúðum. Þetta er handan götunnar og finnst okkur ansi mikil „þétting“. Menn segja 12 bílastæði fyrir 12 bíla sé nóg. Vera kann að gestir komi til íbúa „gamla Katós“ og annarra í götunni. Og hvað þá. Er hér ekki verið að seilast of langt í „hinni heilögu þéttingu“ og búa til árekstra og vandamál.
- F. Hver er réttur barna í þessu skipulagi. Hvar verður heimaleiksvæði þeirra. Lóð kringum 12 íbúða húsið, gamla Kató er mjög lítil enda nýtingarhlutfall hátt eða 0,93 samkv Deiliskipul.till. Hverjir eru staðlar og kröfur Hafnarfjarðarbæjar varðandi leiksvæði barna í fjölbýlishúsum? Í Skipulagsreglugerð 5.3.2.2 er sagt að : „Í íbúðarbyggð skal gera ráð fyrir dvalarsvæðum á lóðum íbúðarhúsa“ og ennfremur „Dvalarsvæði skulu staðsett þannig að hægt sé að njóta þar

Hafnarfjarðarbær
Innk: 27.4.2018
Málsnr: 1705168
réfar: 511

sólar, skjóls og friðsældar“. Lóðin sem fylgir þessu stóra húsi er lítil og í okkar huga engin vafi að lóðin ætluð fyrir Suðurg 46 ætti að fylgja gamla Kató. Við vitum að leiksvæði hér fyrir lítil börn eru fá og langt í burtu. Sérstaklega þegar ekki er vitað hvað verður um leikskólann Kató sem nú hefur verið lokað, leiktæki hafa verið fjarlægð og ekkert viðhald á leiksvæðinu. Börn í hverfinu hafa alltaf leikið mikið þarna og fólk hér er kvíðið varðandi afdrif leiksvæðis Katós og hvað okkur varðar eru þau í fullkominni óvissu. Þetta hlýtur að verða að taka með í reikninginn þegar unnið er að skipulagsáætlunum. Ekki er nóg bara að þetta, huga verður að góðu og aðlaðandi umhverfi.


- G. Verði heimiluð bygging á húsi Suðurg 46, þarf að mola og sprengja klöppina undir húsinu. Við teljum jafnvel að tjón hafi orðið á húsi okkar þegar stóra holan á Hamarsbraut 16 var gerð. Barið var og lamið fram yfir kl 19 á kvöldin svo mánuðum skipti og allt lék á reiði skjálfi, ólíft var heimavið vegna þessa.
- H. Framkvæmdir sem þessar hafa mikið rask og ónæði í för með sér. Slíku erum við búin að fá nóg af með fyrrnefndum framkvæmdum og svo ónæðis vegna skemmdarverka. Gamli Kató og Spítalinn hafa staðið auð og við þurft búa við rúðubrot og skrúslæti. Ófá skiptin höfum við hlaupið út til að skakka leikinn og á stundum neyðst til að hringja á lögreglu. Er ekki allt í lagi að fara nú fram með friði og rósemd í endurbætur á svæðinu og virða rétt íbúanna til friðsemdar og rólegheita heima við.
- I. Spítalinn hefur notið virðingar í Hafnarfirði lengi og hefur í raun verið álíka mikilvæg stofnun og Flensborgarskólinn fram undir hina ógæfulegu lokun. Nú á að endurvekja vegsemd Spítalans með því að gera hann að því menningarsetri sem hann á skilið að vera, þó í örlítið öðrum skilningi en áður var. Þessi stofnun þarf rými og ekki er ljóst ennþá hvernig starfseminni verður háttað. Það er því óþarfi að þrengja að Spítalanum (og okkur hér) með þéttingaráformum skipulagsins (Suð 46). Sú lóð á að vera hluti Katós áfram og ekki veitir af plássinu. Þegar þrengt er að „gamla Kató“ er þrengt að öðrum íbúum í nágrenni hans.
- J. Á gildandi Deiliskipulagi er ekkert hús á Suðurgötu 46, spurningin er því hvaða virðing er það fyrir gildandi Deiliskipulagi frá 2011 að breyta því eftir hentugleikum og duttlungum. Er gildandi skipulag bara leikaraskapur og rugl í augum skipulagsyfirvalda, við bara breytum því ef okkur hentar. Menn ættu nú að spyrja sig alvarlega hvort svona lagað haldi til lengdar. Eru slíkar skipulagsáætlanir eitthvað til að byggja á til framtíðar.
- K. Verði þessi ósvinna heimiluð færur við fram á að hlutlaus skoðunarstofa mundi meta húsin í nágrenninu og lagt væri fé í bótasjóð áður en framkvæmdir hæfust. Hús okkar er steinhús byggt 1915, steypt upp á hlöðnum sökkli. Við teljum að það mundi engan vegin þola árás af þessu tagi öðru sinni og sem gerð yrði miklu nær. Svo á einnig við um Suðurgötu 48 og 47, bæði byggð á hlöðnum sökklum og orðin meira en 100 ára.

Að lokum ítrekum við að við erum alfarið á móti byggingu einbýlishúss á Suðurgötu 46 og munum berjast gegn þeim áformum. Teljum við að nóg hafi verið gengið á rétt okkar og fjármuni og mál sé að linni.

Virðingarfyllst



Jóhanna E Stefánsdóttir



Valdimar Harðarson